



Í upphafi skólaárs vill Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vekja athygli foreldra á nokkrum ákvæðum sem lúta að velferð og öryggi barna.

## Útivistartíminn



Frá 1. september breytist útivistartími barna.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum.

Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Útivistartími barna er bundinn í barnaverndarlög og eru foreldrar hvattir til þess að kynna sér þau lög og fara eftir þeim. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.



## Endurskinsmerki og reiðhjól

Lögreglan vill hvetja foreldra til að huga vel að endurskinsmerkjum á fatnaði barna sinna fyrir veturinn. Einnig er mikilvægt að börnin séu ekki á ferð á illa útbúnum reiðhjólum, t.a.m án glitauga og ljósabúnaðar í myrkri. Þá er hjálmurinn mikilvægur hann kemur að vísu ekki í veg fyrir slys en hann ver okkur fyrir alvarlegum meiðslum. Hjúlmurinn getur skilið á milli lífs og dauða.

Ástand í barna- og unglingamálum í Garðabæ hefur almennt verið gott á þessu ári. Töluvert hefur reyndar borið á veggjakroti í bænum líkt og annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Þó að þessi verknaður tengist oft ungmennum þá er ljóst að eldri aðilar eiga þar einnig hlut að máli. Mikilvægt er að allir sem koma að uppeldi barna og ungmenna vinni og tali saman og stuðli þannig að öruggara og betra umhverfi öllum til heilla.

Nánari upplýsingar um málefni barna er hægt að nálgast á vef lögreglunnar [lrh.is](http://lrh.is) undir forvarnir, fræðsla og viðbrögð.

Kveðja, Valgarður Valgarðsson  
Aðalvarðstjóri í Garðabæ  
[valgardurv@lrh.is](mailto:valgardurv@lrh.is) – s.444-1151/843-1151